

Tillaga frá Daníel Jakobssyni oddvita Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn.

Undirritaður leggur til að hafin verði skoðun á aðkomu bæjarins að líkamsræktaraðstöðu á Torfnesi, þannig að tryggt verði að bæjarbúar hafi aðgang að líkamsræktarstöð þegar að Stúdío Dan lokar n.k. febrúar. Hafa þarf hraðar hendur því mikilvægt er að eitthvað taki við þegar að Stúdío Dan lokar.

Greinagerð:

Stúdío Dan hefur þjónað Ísfirðingum um árabíl með frábærum árangri og þrautlausu starfi eigenda. Nú liggur fyrir að húsnæðið hefur verið selt og núverandi eigendur hyggjast hætta rekstri á sama tíma. Aðgangur að góðri líkamsræktarstöð skiptir marga íbúa miklu máli. Hinsvegar virðist ekki vera nægjanlegur fjöldi íbúa til að slík stöð standi undir sér án aðkomu bæjarins a.m.k. ekki í nýlegu húsnæði.

Við því þarf bærinn að bregðast og tryggja að íbúar hafi aðgang að slíkri stöð n.k. febrúar. Mikill akkur væri að þessi stöð væri á Torfnesi þá mætti samnýta það starfsfólk sem þar er og hugsanlega koma upp pottaaðstöðu samhliða þessu. Staðsetningin er þó ekki aðalatriði heldur það að leysa líkamsræktaraðstöðu fyrir bæjarbúa til framtíðar. Jafnframt mætti skoða samstarf við aðra aðila um rekstur stöðvarinnar.

Daníel Jakobsson

Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ